AÐALSKIPULAGSBREYTING VEGNA OFANFLÓÐAVARNA Á FLATEYRI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER:	16165-012	DAGS.:	2023-05-22
VERKHLUTI:	05	NR.:	1
HÖFUNDUR:	EBK, GPEy		
DREIFING:	Ísafjarðarbær		

Umsagnir og athugasemdir við kynningu vinnslutillögu

1 Kynning

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 28. mars 2023 að auglýsa skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna ofanflóðavarna á Flateyri. Skipulagslýsingin var kynnt frá 3. apríl til 24. apríl 2023. Á kynningartímanum var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin var send eftirfarandi aðilum, auk Skipulagsstofnunar, til umsagnar:

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun
- Veðurstofa Íslands
- Hverfisráð Flateyrar
- Skógræktarfélag Önundarfjarðar/Skógræktin
- Hafnir Ísafjarðarbæjar
- Orkubú Vestfjarða
- Vegagerðin
- Sóknarnefnd Flateyrarkirkju
- Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Reykhólahreppur, Árneshreppur og Strandabyggð.

Umsagnir og athugasendir um skipulagslýsinguna bárust frá sjö aðilum auk Skipulagsstofnunar, sbr. eftirfarandi töflu.

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsstofnun	30. mars 2023	Bent á að fyrirspurnarskýrslan (umhverfismatsskýrsla skipulagsins) geti breyst og að mögulega þurfi að aðlaga hana að efni skipulagsins. Bent á að eðlilegt væri að vinna deiliskipulag í tengslum við varnagarð við höfnina.
Fundargerð 4. apríl 2023	Hverfisráð Flateyrar	4. apríl 2023	Ábendingar sem varða landmótun og útfærslu. Athugasemd við námu utan Klofningsár vegna berjalands.

Björn Stefánsson, og Hulda Soffía Jónasdóttir	Umhverfisstofnun	4. apríl 2023	Áhersla á frágang náma.
Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin	13. apríl 2023	Ábending um að halda fjölda vegtenginga í lágmarki og í samræmi við gildandi veghönnunarreglur.
Bragi Þór Thoroddsen	Súðavíkurhreppur	14. apríl 2023	Jákvæð umsögn.
Guðmundur R. Björgvinsson	Íbúi	18. apríl 2023	Ábendingar varðandi örnefnanotkun og að nýta þekkingu staðkunnugra vegna flóðahættu. Lágmarka rask á hverfisverndarsvæði vegna fornleifa. Opnun námu utan Klofningsár mótmælt vegna berjalands og bent á Selabólsurð sem valkost. Ábendingar varðandi landmótun og mótvægisgerðir (útivist og upplifun) vegna framkvæmda og frágang Klofningsnámu. Halda lúpínu í skefjum. Tryggja aðgengi að höfninni og þjónustu hennar. Lágmarka áhrif framkvæmda á íbúa og setja strangar kröfur um umgengni.
Anton Helgason	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	24. apríl 2023	Ábending um grunnvatnsbrunna til eftirlits á aflögðum urðunarstað sem taka þurfi tillit til.
Hjörleifur Finnsson	Verkefnastjóri Flateyri	24. apríl 2023	Ábending um að fara þurfi yfir örnefni með heimamönnum.

Tekið var mið af ofangreindum umsögnum við gerð vinnslutillögu skipulagsbreytingarinnar. Einnig var tekið mið af umsögnum vegna fyrirspurnar um matsskyldu framkvæmdarinnar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu.

Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt 28. apríl til 12. maí 2023, samkvæmt ákvörðun skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar þann 27. apríl 2023. Tillagan var jafnframt send ofangreindum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt á opnum fundi á Flateyri þann 3. maí 2023, samhliða kynningu Ofanflóðasjóðs á fyrirhuguðum varnarmannvirkjum og hugmyndum að mótvægisaðgerðum. Á kynningartíma vinnslutillögunnar bárust umsagnir frá Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi og ábendingar frá íbúa. Auk þess fór Skipulagsstofnun yfir vinnslutillöguna.

2 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar vegna vinnslutillögu

Umsagnir og ábendingar á kynningartíma vinnslutillögunnar:

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Guðmundur R. Björgvinsson	Íbúi	3. maí 2023	Athugasemdir varðandi örnefnanotkun, ábendingar um fornleifar, endurheimt votlendis og andstaða við opun námu utan Klofningsár.
Málfríður K. Kristiansen	Skipulagsstofnun	4. maí 2023	Engar athugasemdir.
Finnbogi Bjarnason	Bolungarvíkur-kaupstaður	11. maí 2023	Engar athugasemdir.
Jóhann Birkir Helgason	Súðavíkurhreppur	19. maí 2023	Engar athugasemdir.

3 Efni athugasemda og viðbrögð við þeim

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir frá íbúa við kynnta vinnslutillögu. Þær hafa verið sundurliðaðar og gerðar eru tillögur að viðbrögðum. Tillögur að viðbótum eru sýndar með lituðum lit.

Ábending

Mjög ákveðin andstaða kom fram á kynningarfundinum á Flateyri þann 3. maí, við þá fyrirætlan að opna á efnistöku í gamalli námu utan við Klofningsá, og er því eindregið bent til Ísafjarðarbæjar að ekki verði um efnisnám að ræða á þessum stað í breyttu skipulagi. Síðast var sótt grjót þarna fyrir um 40 árum og hefur svæðið náð að gróa upp síðan þá og er sérstakt að sjá að berjalyng hefur náð að breiða úr sér bara á síðustu árum á raskaða svæðinu, þarna er um að ræða Aðalberjalyng, sem er frekar lítið um á svæðinu utan við Klofningshrygg. Fyrirhugað efnisnám myndi eyðileggja lyngið algerlega, þar sem lyng er á öllu svæðinu í skriðunni.

Viðbrögð
Í ákvæðum fyrir E21 í kafla 4.2 í aðalskipulagsbreytingunni segir að efnistaka sé heimil í tengslum við byggingu ofanflóðavarna á Flateyri. Í ákvæðunum segir einnig: „Tryggja skal að berjalandi verði hlíft eins og kostur er. Að þeim framkvæmdum loknum skal gengið frá svæðinu og námunni lokað. Vanda skal frágang og móta landið í samræmi við aðliggjandi land. Áhersla skal lögð á grenndargróður við uppgræðslu raskaðs lands, þar sem það á við.“ Með þessu móti er leitast við að lágmarka rask á berjalandi, sem og tryggja sem mestar líkur á að berjalyngið nái sér aftur á strik verði það fyrir raski.

Ábending

Einnig er það svo að fyrirhugað efnisnám 20.000. m^3 er einungis um 6-7% af væntanlegri efnisþörf framkvæmdarinnar við ofanflóðavarnirnar, og bent hefur verið á aðrar leiðir til efnisnáms muni vanta viðbót við skeringar og efni úr Klofningsnámu.

Í ljósi þess hve lítið hlutfall heildar efnisþarfar er að ræða er eindregið lagst gegn opnunar námunnar utan Klofningsár. Efnisnáma verði ekki sett á skipulag utan við Klofningshrygg.

Viðbrögð
Ástæða þess að þörf er á að sækja efni í þessa námu (E21) er að um annars konar efni er að ræða, þ.e. efni sem nota á í ysta hluta fyllinga við netgrindur. Þar þarf að nota grjót sem hægt er að „handraða“. Skoðaðir voru nokkrir staðir þar sem talið var að hægt væri að fá hentugt grjót, m.a. Selabólsurð en það reyndist ekki nýtanlegt. Efnið í námunni utan Klofningsár er talið heppilegt en einnig er vonast til að hentugt grjót fáist úr skeringum ofan efstu keilurða, þ.e. innan framkvæmdasvæðisins. Aðrar grjótnámur eru ekki til staðar eða eru fullnýttar, s.s. Dagverðardalsnáma í Skutulsfirði. Bætt inn í umfjöllun um efnistöku í kafla 2.2: … Til viðbótar er gert ráð fyrir að heimild verði gefin fyrir 20.000 m³ efnistöku á grófu efni (grjóti) úr eldri námu utan Klofningsár. … Bætt inn í ákvæði fyrir E21 í kafla 4.2: Efnið skal einungis nýtt ef nýtanlegt grjót fæst ekki af framkvæmdasvæðinu.

Í ákvæðunum kemur fram að áhersla skuli lögð á grenndargróður við uppgræðslu raskaðs lands, þar sem það á við.

Ábending

Einnig kom fram krafa um endurheimt votlendis, sem ekkert var hugað að í fyrri framkvæmdum og er óskað eftir að tjörn verði gerð neðst í farvegi Innra-Bæjargils eins og kom fram í fyrirspurnar tillögum.

Áður voru á svæðinu við enda og undir enda Innri-Bæjarhryggs þrjár tjarnir og mikið fuglalíf og er óskað eindregið að votlendi verði endurheimt með gerð tjarnar.

Viðbrögð
Í ákvæðum fyrir varnargarða (G7 og G8) í kafla 4.1 í aðalskipulagsbreytingunni er heimilað að útbúa tjarnir, m.a. aðgerðir til að efla fuglalíf og fjölbreytt lífríki. Votlendi er bætt inn í ákvæðin, sbr.: … Einnig aðgerðir til að efla fuglalíf og fjölbreytt lífríki, s.s. tjarnir, votlendi og gróður. … Ábendingunni einnig vísað til landslagshönnunar varnarmannvirkjanna.

Ábending

Óskað er eftir að upprunalegar teikningar af bílastæði og aðkomu að kirkjugarði að austanverðu verði dregnar fram og bílastæði verði gert þarna, búið að jarðvegsskipta undir þarna, en ekki var farið að teikningum við framkvæmd verksins á sínum tíma.

Viðbrögð
Varðar ekki aðalskipulagsgerð. Ábendingunni vísað til landslagshönnunar varnarmannvirkjanna.

Ábending

Farið verði yfir örnefni og leiðrétt það sem rangt er í gögnum. Innri-Bæjarhryggur, Eyrarhryggur, og milli hryggjanna er Merarhvammur. Kornbakur var heiti á efsta hluta túnsins á Eyri þar sem þvergarðurinn stendur nú. Lagt til að það nafn verði notað á þvergarðinn, nærtækasta örnefnið.

Viðbrögð
Vísað til hverfisráðs um tillögu að nafngiftum varnarvirkja, sjá kafla 4. Allar tillögur að nýjum heitum mannvirkja teknar út í skipulagstillögunni. Gert ráð fyrir að í lokaútgáfu skipulagsgagna hafi öll mannvirki fengið staðfest heiti.

Ábending

Urðunarstaður við Klofning er enn ófrágenginn, og vöktun jarðvatns hefur ekki verið sinnt svo sem krafist er af UST, og vísast til UST um það mál alfarið og allan frágang svæðisins.

Viðbrögð
Engin viðbrögð. Í aðalskipulagsbreytingunni eru sett ákvæði um frágang og vöktun urðunarstaðarins, sbr. kafla 4.3.

Ábending

Á svæði Klofningsnámu eru engar fornleifar þekktar, enda löngu raskað svæði undir skreiðarhjalla fyrir áratugum síðan, og ólíklegt að einhverjar fornleifar hafi verið þar áður, það sem þekkt er er mun innar.

Viðbrögð
Ábendingu vísað til vinnslu fornleifakönnunar.

Ábending

Einnig er talið að bæjarstæði Eyrar hafi ekki raskast við fyrri framkvæmdir varnarvirkja, það sem fór undir framkvæmdir voru tún, skurðir og bílvegur ofan túna, við efnistöku hurfu margir stallaðir kálgarðar er voru undir Eyrarhjalla, sér enn ummerkja þeirra á svæðinu. Grunnur undan húsinu Litlabýli er til staðar innan garðs við Sólbakkahúsið. Það má vera að kipp korn þar utar megi enn finna undirstöður útihúss, hænsnahúss sem fór í snjóflóði 1969.

Viðbrögð
Ábendingu vísað til vinnslu fornleifakönnunar.

Ábending

Svæðið þar sem Hvalstöðin stóð er vel afmarkað og þekkir undirritaður það mjög vel. Hvalsteinn í fjöruborðinu má ekki raskast. Ummerki kálgarða eru nokkur neðan vegarins við Sólbakkahúsið ytra.

Viðbrögð
Ábendingu vísað til vinnslu fornleifakönnunar.

Ábending

Tillaga að nafni á garð við höfn, „Grundargarður“ Grund hét þar áður þar sem húsin Strýta, Vagninn Allabúð og nýbygging Lýðskólans eru nú. Vestan Hafnarstrætis, samanber Grundarstígur.

Viðbrögð
Vísað til hverfisráðs um tillögu að nafngiftum varnarvirkja, sjá kafla 4. Allar tillögur að nýjum heitum mannvirkja teknar út í skipulagstillögunni. Gert ráð fyrir að í lokaútgáfu skipulagsgagna hafi öll mannvirki fengið staðfest heiti.

4 Örnefni

Ábendingar hafa borist um örnefnanotkun, bæði við skipulagsgerðina og á kynningarfundum um framkvæmdina. Ýmis heiti hafa verið notuð á núverandi og fyrirhuguð mannvirki í skipulags- og hönnunargögnum sem og í daglegu tali. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir þau heiti sem notuð hafa verið í skipulagstillögunni og tillögur að nýjum heitum sem hafa komið fram í ábendingum við skipulagsgerðina.

Núverandi heiti varnargarðs (sjá mynd fyrir neðan)	**Tillaga að heiti skv. ábendingum**
Innri-Bæjargilsgarður	Innri-Bæjarhryggur
Skollahvilftargarður	Eyrarhryggur
Þvergarður	Kornbakur
Eystri leiðigarður	
Varnafleygur ofan Sólbakka	
Vestari leiðigarður	Grundargarður
Milli hryggjanna	Merarhvammur

Mikilvægt er að örnefnanotkun sé rétt og að mannvirki hafi sömu heiti í öllum gögnum. Það gerir gögnin læsilegri og minnkar líkur á misskilningi. Heiti eins og „vestari leiðigarður“ eða „þvergarður“ eru síður heppileg. Æskilegt er að ný heiti séu þjál og viðeigandi, þannig að þau fái auðveldlega almenna notkun.

Dæmi eru um að varnargörðum hafi verið gefin sérstök heiti, eins og Stóri-Boli, Litli-Boli og Kálfur á Siglufirði. Þar eru einnig Hlíðarrípill, Hafnarrípill, Skriðurípill, Skálarrípill og Bakkarípill.

Tillaga

Lagt er til að hverfisráði Flateyrar verði falið að koma með tillögu að heitum mannvirkja, það á bæði við um núverandi og ný mannvirki. Tillaga hverfisráðsins verði samþykkt í bæjarstjórn og í framhaldinu verði þau færð inn í skipulagsgögnin, áður en þau taka formlegt gildi. Ný heiti verði notuð í öllum hönnunar- og útboðsgögnum vegna framkvæmdarinnar.

Mynd 1. Heiti sem notuð hafa verið í skipulagstillögunni. (Verkís, 2023 (drög). Endurskoðun frumathugunar)